

86. stjórnarfundur símafundur 11. mars 2015

Mætt: Hjalti Þór Vignisson, Ruth Magnúsdóttir, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Sigrún Helgadóttir, Snorri Ingimarsson og Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.
Árni Geirsson frá Alta sat einnig fundinn.

Fundur hófst kl.8:15

Böðvar Pétursson og Reynir Arnarson voru fjarverandi.

Heiða Guðný vék af fundi kl. 9:00.

Rósa Björk Halldórsdóttir mætti kl. 9:15.

1. Stjórnunar- og verndaráætlun

Fyrir fundinum lá 3.útg. af drögum að Stjórnunar- og verndaráætlun með áorðnum breytingum frá 2.útg.

Sigrún Helgadóttir fór yfir breytingatillögur sínar frá síðasta fundi, sem taka fyrst og fremst til orðalags.

- Ákveðið að Sigrún, Þórður og Árni taki að sér að fara yfir tillögurnar og setji inn í skjalið eins og við á.

Sérstaklega var farið yfir texta í skjalinu í kafla 9.2; Víðerni sem tekur til Kverkárrana.

- Ákveðið að vinna áfram með ákvæðið um Tjöldun/Gisting og SI, SH og ÞHÓ ásamt Þjóðgarðsvörðum svæða komi með sameiginlega tillögu.
- Ákveðið að Árni færi inn í skjalið allar samþykktar breytingatillögur og sendi það að því loknu á fundarmenn.
Formenn svæðisráða beri ábyrgð á því að kynna í sínum svæðisráðum, eins og þörf er á, þær breytingar sem orðið hafa á skjalinu frá 2. útgáfu.
Hið nýja skjal verði síðan tekið til umræðu á næsta stjórnarfundum.

2. Næsti fundur

- Næsti fundur verður símafundur föstudaginn 20. mars kl. 9:30.

Fundi lauk kl.9:30